



SKAGAFJÖRÐUR - AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SKAGAFJARÐAR 2020-2035, STAÐFESTU 04.04.2022.

I601 HLUÐI ATHAFNASVÆÐIS AT601 VERÐUR IÐNAÐARSVÆÐI I601



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035 - MKV. 1:10.000, STAÐFEST 04.04.2022
HLUÐI AF ÞÉTTBYLISUPPDRAETTI HOFSÓSS - FYRIR BREYTINGU



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI SKAGAFJARÐAR 2020-2035.
HLUÐI ATHAFNASVÆÐIS AT601 VERÐUR IÐNAÐARSVÆÐI I601.

SKÝRINGAR ÚR GILDANDI AÐALSKIPULAGI:

Landnotkun	Innviðir
<ul style="list-style-type: none"> Íbúðarbyggð (IB) Miðsvæði (M) Verslun og þjónusta (VP) Samfélagsþjónusta (S) Athafnasvæði (AT) Iðnaðarsvæði (I) Efnistökusvæði (E) Fristuðabyggð (F) Aftreyningar- og ferðamannasvæði (AF) Íþróttasvæði (ÍÞ) Kirkjugarðar og grafreitir (K) Opin svæði (OP) Flugvellir (FV) Hafnir (H) Landbúnaðarsvæði (L) Skógræktar og landgræðusvæði (SL) Öbyggð svæði (ÖB) Vötn, ár og sjór (V) Vatnsból (VB) 	<ul style="list-style-type: none"> Stofnvegur Tengivegur Aðrir vegir og götur Göngu- og/eða hjólréiðaleið Reiðleið Fráveita Hitaveita Neysluvatn Rafliña Rafstrengur Þéttbýlismörk (PM) <p>Verndarsvæði og náttúruvá</p> <ul style="list-style-type: none"> Hverfisvernd (HV) Minjavernd

Breyting þessi á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035, sem hlotið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Skagafjarðar

Þann _____ 20 ____ og

í sveitarstjórn þann _____ 20 ____

Tillagan var auglýst frá _____ 20 ____ með

athugasemdarfrest til _____ 20 ____.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 ____.

GREINARGERÐ

Þann 09. mars 2023 fjallaði skipulagsnefnd Skagafjarðar um ósókn umhverfis- og samgöngunefndar um heimild til að láta vinna deiliskipulag, skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sorpmóttöku- og gámasvæði á Hofsósi. Meðfylgjandi erindinu var skipulagslýsing, dags. 08.02.2023. Í skipulagslýsingu kemur fram að fyrirhuguð tillaga að deiliskipulagi kalli á breytingu á aðalskipulagi og var skipulagslýsingin auglýst fyrir hvort tveggja, breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag. Alls bárust 5 umsagnir vegna skipulagslýsingarinnar sem voru hafðar til hljóðnár við skipulagsvinnuna.

1 Forsendur

Sorpmóttökusvæði á Hofsósi hefur verið á norðan við Norðurbraut og vestan Bæjarbrautar, til móts við Bræðraborg, undanfarna áratugi. Svæðið er malarborið og hefur nýlega verið girt af. Vestan við sorpmóttökusvæðið er áhaldahúsið og norðan við það er gáma- og geymslusvæði. Aðkoma að svæðinu er um veg sem tengist Bæjarbraut um það bil 55 m norðan við gatnamót Bæjarbrautar og Norðurbrautar. Hugmyndir sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu, þar sem bæta á aðgengi og færa svæðið í nútímanlegt horf, kalla á breytingu á aðalskipulagi. Breyting verður auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið, þar sem gerð er frekari grein fyrir uppbyggingu.

Aðalskipulag Skagafjarðar var staðfest 4. apríl 2022. Þar eru skilgreind 18 iðnaðarsvæði, 5 á Sauðárkróki, 3 í Varmahlíð og 10 utan þéttbýlis. Af þessum iðnaðarsvæðum eru 2 ætluð fyrir sorpmóttöku og/eða endurvinnslustöðvar. Þau eru nr. I-404 á Sauðárkróki og I-503 í Varmahlíð. Skilgreining skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 fyrir iðnaðarsvæði (I) er í f-lið 6.2. gr. um stefnu um landnotkun. Skv. reglugerðinni er iðnaðarsvæði „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sörpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“ Breyting þessi á aðalskipulagi snertir eftirfarandi landnotkunarvæði:

- **Athafnasvæði nr. AT-601**, Norðurbraut. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir athafnastarfsemi sem tengist sjósókn og hafnsæknni starfsemi.

Verndarsvæði HV-601 er vestan við athafnasvæðið en engin verndarsvæði ná inn á breytingarsvæðið.

2 Viðfangsefni og markmið

Breytingin felur í sér að skilgreint verður iðnaðarsvæði þar sem í dag er skilgreint athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi. Innan athafnasvæðisins hafa verið gámar fyrir sorpmóttöku undanfarna áratugi og nú stendur til að byggja undir þá viðunandi og nútímanlegri aðstöðu en þeir standa á malarbornu plani í dag. Er það gert til að mæta þörfum og kröfum um aðgengi, snyrtilegra umhverfi og öryggisþáttum. Stærð athafnasvæðis AT601 breytist þar af leiðandi um þvi sem nemur stærð fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis:

Tafla 6.4. Athafnasvæði á Hofsósi og byggingarheimildir (fyrir breytingu)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi [m ²]	Leyfilegt [m ²]
AT-601	Norðurbraut	4	2.000	12.400
AT-602	Hofsósbraut - Siglufjarðarvegur	13,7	1.734	25.000
Samtals		17,7	3.734	37.400

Helstu markmið aðalskipulagsbreytingar eru að:

- Fylgja leiðarljósi gildandi aðalskipulags að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu.
- Stuðla að snyrtilegu og hreinlegu umhverfi með því að skapa forsendur fyrir uppbyggingu sorpmóttökustöðvar og gámasvæðis á Hofsósi.
- Skilgreina viðeigandi landnotkunarreit.

3 Tengsl við aðrar áætlanir

Breyting þessi á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er í samræmi við leiðarljósi landsskipulagsstefnu 2015-2026 og stýður við framfylgd þeirra. Þá stýður breytingin sérstaklega við ákvæði 3.2, 3.3 og 3.4 kafla landsskipulagsstefnu þar sem stefnumörkun breytingarinnar mun gera sveitarfélaginu kleift að bæta eina af sínum grunnþjónustum. Með breytingunni verður skilgreind landnotkun aðalskipulags í betra samræmi við raunverulega notkun.

Breytingin hefur tengingu við stefnu ráðuneytis umhverfismála um meðhöndlun úrgangs, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hún í samræmi við samþykkt sveitarfélagsins Skagafjarðar um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði, dags. 10. mars 2023. Skv. stefnu, lögum og reglugerð um meðhöndlun úrgangs gegna sveitarstjórnir því hlutverki að ákveða fyrirkomulag á söfnun heimilis- og rekstarúrgangs sem til fellur innan sveitarfélaga og sjá til þess að til staðar séu móttöku- og söfnunarsvæði. Markmið samþykktar Skagafjarðar um meðhöndlun úrgangs eru talin upp í 3. gr. samþykktar:

- a. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Skv. samþykktinni eru móttökustöðvar sveitarfélagsins á Sauðárkróki, Hofsósi og Varmahlíð.

Breytingin snertir nokkur af heimsmarkmiðum sameinuðupljóðanna 2016-2030, t.d. nr. 8 – Góð atvinna og hagvöxtur, nr. 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög og nr. 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla.

Í vinnslu er tillaga að deiliskipulagi fyrir sorpmóttökustöð á Hofsósi, sem áformað er að auglýsa samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu. Breyting þessi er í samræmi við fyrirhugaða deiliskipulagstillögu.

4 Breytingar á skipulagsuppdraetti

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdraetti Hofsóss í Aðalskipulagi Skagafjarðar þar sem hluti athafnasvæðis nr. AT601 breytist í iðnaðarsvæði nr. I601. Þá bætist við merkingin I601 á uppdráttinn. Þá bætist við stutt gata frá Bæjarbraut, rétt norðan við iðnaðarsvæðið. Gata þessi fellur undir „Aðrir vegir og götur“.

5 Breytingar í greinargerð

Við greinargerð bætist kafla *6.15 – Iðnaðarsvæði (I)*. Umfjöllun kaflans verður þannig:

Á Hofsósi er eitt iðnaðarsvæði fyrir sorpmóttöku. Almenn er heimild að reisa mannvirki, stækka mannvirki og byggja við á þessu svæði, í samræmi við deiliskipulag. Á þessu svæði er aðeins gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast sorpmóttöku, en ekki annar almennri iðnaðarstarfsemi.

Nr.	Staður / Lýsing	Stærð [ha]	Núverandi [m ²]	Leyfilegt [m ²]
I-601	Sorpmóttökusvæði með tilheyrandi mannvirkjum	0,66	0	200

Þá breytist tafla 6.4 á bls. 60 þannig:

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi [m ²]	Leyfilegt [m ²]
AT-601	Norðurbraut	3,34	2.000	12.400
AT-602	Hofsósbraut - Siglufjarðarvegur	13,7	1.734	25.000
Samtals		17,04	3.734	37.400

6 Umhverfisskýrsla

Framkvæmdin sem breytingin gerir ráð fyrir fellur ekki undir framkvæmdir sem taldar eru upp í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Fjallað er nánar um Breyting á aðalskipulagi fellur undir lögum skv. a-lið, 1. mgr. 2. grein. Umhverfisskýrsla er unnin skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fjallað er um efni viðkomandi áætlunar og tengsl við aðrar áætlanir hér að ofan.

6.1 Lýsing á aðstæðum og umhverfisþáttum

Undanfarna áratugi hefur svæðið verið malarborið plan undir sorggáma og aðra muni. Svæðið hefur gegnt hlutverki sorpmóttökustöðvar fyrir íbúa Hofsóss og nærsveita en yfirbygging hefur verið fábrutin. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum breytingar þessarar á aðalskipulagi eru:

- Heilsa
- Öryggi
- Andrúmsloft
- Efnahagur
- Félagsleg áhrif
- Náttúru- og menningarmínjar
- Landslag
- Ásýnd

Áhrif breytingarinnar á ofantalda umhverfisþætti verða metin í samanburði við núllkost sem er þróun sveitarfélagsins og Hofsóss án breytingar. Miðað verður við umhverfisskýrslu aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Vægi áhrifa á umhverfisþætti verða:

- Jákvæð
- Neikvæð
- Överuleg
- Óljós

Umhverfisþáttur	Undirflokkur	Lýsing/spurning
Heilsa	Hljóðvist	Er fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi líkleg til að hafa áhrif á hljóðvist?
	Heilsufar íbúa	Er fyrirhuguð breyting líkleg til að hafa áhrif á heilsufar íbúa?
Öryggi	Öryggi íbúa	Stafar íbúum, í nágrenni breytingarsvæðis, ógn af breytingunni?
	Andrúmsloft	Staðbundin loftgæði
Efnahagur	Atvinnulíf	Verður atvinnulíf fyrir áhrifum af breytingunni?
	Íbúabróun	Er fyrirhuguð breyting líkleg til að hafa áhrif á íbúabróun?
Félagsleg áhrif	Þjónusta	Gerir breytingin þjónustuaðilum kleift að efla þjónustu við íbúa?
	Náttúru- og menningarmínjar	Náttúrumínjar
Landslag	Menningarmínjar	Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarmínjar?
	Náttúrulegt landslag	Náttúrulegt landslag
	Ásýnd svæðis	Hefur breytingin áhrif á ásýnd svæðisins?

6.2 Umhverfismat

Umhverfisþáttur	Undirflokkur	Áhrif miðað við óbreytt ástand	Áhrif með breytingu
Heilsa	Óþægindi	Ekki hefur verið mikið um kvartanir vegna hávaða eða annarra óþæginda af sorpmóttökunni eins og hún hefur verið. Áhrif óbreytts ástands á óþægindi eru metin överuleg.	Með uppbyggingu sorpmóttökustöðvar er gásum komið í fastari skorður en nú er. Breyting verður á hljóðvist á framkvæmdatíma en óljóst hversu mikil áhrif það hefur á íbúa í næsta nágrenni. Hljóðvist mun þó falla í sama horf að framkvæmdum loknum. Mögulegt verður að bæta aðkoma að svæðinu til muna með því að aðlaga hana að þeirri starfsemi sorpmóttökustöðvar. Áhrif breytingar eru því talin draga úr óþægindum og eru metin jákvæð.
	Heilsufar íbúa	Núverandi ástand hefur ekki teljandi áhrif á heilsufar íbúa. Áhrif óbreytts ástands á heilsufar eru metin överuleg.	Með breytingunni er ekki verið að draga úr möguleikum íbúa til að stunda útivist eða rækta heilsuna á annan hátt. Áhrif breytingar á heilsufar íbúa eru metin överuleg.
Öryggi	Öryggi íbúa	Ekki hefur stafað mikil ógn fyrir íbúa af svæðinu hingað til. Þó er svæðið óþupplýst og aðkoma getur verið ógreinileg fyrir þá sem eru ekki kunnir staðhættum sem getur orsakað hættu við vissar aðstæður. Áhrif á öryggi íbúa miðað við óbreytt ástand eru metin överuleg.	Með breytingunni verður mögulegt að hanna lýsingu á svæðinu sem dregur úr slyshættu þegar dagsbirtu getur ekki. Þá verður hægt að gera aðkomu greinilega. Áhrif breytingar á öryggi eru metin jákvæð.
	Andrúmsloft	Staðbundin loftgæði	Fyrir breytingu er svæðið malarborið og getur efni þyrlast upp þegar svæðið er þjurt. Ekki eru önnur áhrif á staðbundin loftgæði. Áhrif núllkosts eru metin överuleg.
Efnahagur	Atvinnulíf	Fyrir breytingu er möguleg uppbygging atvinnulífs á svæðinu sem fylgir ákvæðum skipulagsreglugerðar um athafnasvæði. Ekki er mögulegt að reisa sorpmóttökustöð miðað við óbreytt ástand á Hofsósi. Áhrif núllkosts eru á atvinnulíf eru metin överuleg.	Með breytingunni verður mögulegt að skrá starfsemi og hafa eftirlitsstarfsmann ef þurfa þykir. Rekstur svæðisins verður einfaldaður frá því sem er í dag. Ekki er gengið á atvinnumöguleika athafnasvæðisins með breytingunni. Áhrif á atvinnulíf eru metin jákvæð.
	Íbúabróun	Með óbreyttu ástandi má ætla að svæðið breytist lítið eða ekkert á gildistíma aðalskipulagsins og hafi þar með lítil áhrif á íbúabróun. Áhrif núllkosts á íbúabróun eru metin överuleg.	Eins og fram hefur komið mun breytingin skapa forsendur til uppbyggingar sorpmóttökustöðvar og bæta þjónustu við íbúa á því sviði. Líklegt er að breytingin muni hafa einhver, jákvæð áhrif á íbúabróun Hofsóss en óljóst er hversu mikil áhrif. Áhrifin breytingar á íbúabróun er metin jákvæð eða óljós.
Félagsleg áhrif	Þjónusta	Óbreytt ástand gefur ekki möguleika á uppbyggingu sorpmóttökustöðvar á Hofsósi. Í dag er svæðið malarborið og afgirt og staðsetning gáma tilviljunarkennd.	Breyting á aðalskipulagi gefur sveitarfélaginu möguleika á uppbyggingu sem er í takt við notkun svæðisins. Aðgengi að gásum verður betra, bæði fyrir íbúa og þjónustu aðila. Áhrif breytingar á þjónustu eru metin jákvæð.
	Náttúru- og menningarmínjar	Náttúrumínjar	Ekki eru þekktar náttúrumínjar á svæðinu. Áhrif breytingar á náttúrumínjar er metin överuleg.
Landslag	Menningarmínjar	Ekki eru þekktar menningarmínjar á svæðinu. Áhrif breytingar á menningarmínjar er metin överuleg.	Ekki eru þekktar menningarmínjar á svæðinu. Áhrif breytingar á menningarmínjar er metin överuleg.
	Náttúrulegt landslag	Miðað við óbreytt ástand er ekki gert ráð fyrir breytingum á svæðinu. Áhrif núllkosts á náttúrulegt landslag eru metin överuleg.	Með breytingunni er ekki gert ráð fyrir verulegu riski á náttúrulegu landslagi þar sem uppbyggingin er í þegar byggðu hverfi. Fyrirhuguð gata, norðan iðnaðarsvæðisins, verður lögð yfir land sem er þakið lúpinu. Áhrif breytingar á náttúrulegt landslag eru metin överuleg.
	Ásýnd svæðis	Óbreytt ástand gefur ekki möguleika á uppbyggingu sorpmóttökustöðvar á Hofsósi. Í dag er svæðið malarborið og afgirt og staðsetning gáma tilviljunarkennd. Áhrif óbreytts ástands á ásýnd eru metin neikvæð.	Breytingin gefur færi á hönnun og uppbyggingu sem gerir svæðið snyrtilegra í samræmi við notkun. Áhrif breytinga á ásýnd eru metin jákvæð.



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI

Dags. 29.04.2024	AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR Breytingaruppdráttur	Útgáfa 1.0	Verkr. 41840201
Dags. br. --	Teknað BMA	Kvæði 1:10.000	Bláaust. A1
			Uppdráttur nr. AS01

Skrá: 41840201ASK Hofsóss breyting AS01.dgn